

Nýtt í bíó

50 kr. afsláttur ef þú kaupir bíómiðann á **mid.is**

FRÁ FRAMLEIÐENDUM NOTTING HILL OG LOVE ACTUALLY

LÚXUS

PRJÚ SAMBÖND PRJÚ STÓRSLYS

ONE LAST CHANCE.
DEFINITELY, MAYBE

SÝND Í SMÁRABÍÓ

KEVIN BACON JULIE DELPY BRENDAN FRASER ANDY GARCIA SARAH MICHELLE GELLAR EMILIE HIRSCH FOREST WHITAKER

THE AIR I BREATHE

GÆÐA SPENNUMYND
MED ÚRVALS LEIKURUM

16

SÝND Í REGNBOGANUM

DENNIS QUAID | MATTHEW FOX | FOREST WHITAKER
with SIGOURNEY WEAVER | and WILLIAM HURT

MAGNADUR SPENNUMYNDUR SEM FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM.

EF ÞÚ HELDUR AÐ ÞÚ HAFIR SÉÐ ALLT ...LÍTTU AFTUR!

VANTAGE POINT

8 EINSTAKLINGAR | 8 SJÓNARHORN | 1 SANNLEIKUR

16

SÝND Í SMÁRABÍÓ, REGNBOGANUM OG BORGARBÍÓ

MARLEY MATHEW ORTMAN JOHANNA BERKETT ERIC BANA

ÞAD EINA SEM GAT KOMIÐ UPPÁ MIÐLI SYSTRANNA VAR KONUNGSRÍKI

THE OTHER BOLEYN GIRL

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

16 **JESSICA ALBA**

Frábær spennutryllir sem svikur engan!

THE EYE

ÞAD GETUR VERIÐ SKELFILEGT AÐ SJÁ

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ OG BORGARBÍÓ

HEIMUR ÞEIRRA ER ÞAR EN ÞIG GRUNAR

FRÁBEREYNTÝRMYND FYRIR ALLA FÓLSKYLDUNA

SPIDERWICK CHRONICLES

SÝND Í SMÁRABÍÓ, HÁSKÓLABÍÓ OG BORGARBÍÓ

HEIMUR HORTON (HORTON HORN) Á 3D

16

HORTON

SÝND Í SMÁRABÍÓ, REGNBOGANUM HÁSKÓLABÍÓ OG BORGARBÍÓ

FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE CREEPER OG THE KING

MAGNADUR SPENNUMYNDUR SEM FÓR HÁRN TIL AÐ RÍMA

SHUTTER

SÝND Í SMÁRABÍÓ

16 GUILLERMO DEL TORO

LEIKSTJÓRI PAN'S LABYRINTH

THE ORPHANAGE

SÝND Í REGNBOGANUM

BORGARBÍÓ Sími 462 3500	SMÁRABÍÓ Sími 564 0000	REGNBOGINN Sími 551 9000																																							
<table border="1"> <tr><td>Vantage Point</td><td>kl. 8 - 10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> <tr><td>Spiderwick Chronicles</td><td>kl. 6</td><td>B.i. 7 ára</td></tr> <tr><td>Horton m/isl. tali</td><td>kl. 6</td><td></td></tr> <tr><td>The Eye</td><td>kl. 8 - 10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> </table>	Vantage Point	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára	Spiderwick Chronicles	kl. 6	B.i. 7 ára	Horton m/isl. tali	kl. 6		The Eye	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára	<table border="1"> <tr><td>Definitely maby</td><td>kl. 5:30 - 8 - 10:30</td><td></td></tr> <tr><td>Definitely maby</td><td>kl. 5:30 - 10:30</td><td>LÚXUS</td></tr> <tr><td>Vantage Point</td><td>kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> <tr><td>Shutter</td><td>kl. 8 - 10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> </table>	Definitely maby	kl. 5:30 - 8 - 10:30		Definitely maby	kl. 5:30 - 10:30	LÚXUS	Vantage Point	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	B.i. 16 ára	Shutter	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára	<table border="1"> <tr><td>The air I breathe</td><td>kl. 6 - 8 - 10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> <tr><td>Vantage Point</td><td>kl. 6 - 8 - 10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> <tr><td>In Bruges</td><td>kl. 5:45 - 10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> <tr><td>Horton m/ensku tali</td><td>kl. 5:30</td><td></td></tr> <tr><td>The Orphanage</td><td>kl. 8 - 10</td><td>B.i. 16 ára</td></tr> </table>	The air I breathe	kl. 6 - 8 - 10	B.i. 16 ára	Vantage Point	kl. 6 - 8 - 10	B.i. 16 ára	In Bruges	kl. 5:45 - 10	B.i. 16 ára	Horton m/ensku tali	kl. 5:30		The Orphanage	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára
Vantage Point	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára																																							
Spiderwick Chronicles	kl. 6	B.i. 7 ára																																							
Horton m/isl. tali	kl. 6																																								
The Eye	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára																																							
Definitely maby	kl. 5:30 - 8 - 10:30																																								
Definitely maby	kl. 5:30 - 10:30	LÚXUS																																							
Vantage Point	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	B.i. 16 ára																																							
Shutter	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára																																							
The air I breathe	kl. 6 - 8 - 10	B.i. 16 ára																																							
Vantage Point	kl. 6 - 8 - 10	B.i. 16 ára																																							
In Bruges	kl. 5:45 - 10	B.i. 16 ára																																							
Horton m/ensku tali	kl. 5:30																																								
The Orphanage	kl. 8 - 10	B.i. 16 ára																																							

Þú færð 5% endurgreitt í Borgarbíói, Smárabíói og Regnboganum og Háskólabíói ef þú borgar bíómiðann með Kreditkortu tengdu Aukakrónum!

Listfræðingur kaupir listaverk

AF LISTUM



Pétur Blöndal

Alt hefur verðbréfastur um hverfis frægan listamann," sagði í Silfurtungli Laxness. Í góðærinu, kannski gróðæðinu, á Íslandi undanfarin ár hefur allt verið metið til fjárins, einnig gildi listaverka. Sumir listamenn þykja finni peningaseðill en aðrir. Og fólk lætur ráðleggja sér hvað sé eftirsóknarverð list, í merkingunni góður díll. Það jafnast ekkert á við listaverk sem líklegt er að hækki í verði.

Svo falla hlutabréfin og gengi krónunnar. En listaverkin hanga enn á veggjunum. Og ekkert lát er á hamarshöggum, hvorki á heimilum né uppboðum.

Fyrir listakaupstefnuna The Armory Show í New York í síðustu viku var „skjálfti“ í mörgum, eins og einn orðaði það, en svo kom á daginn að viðskiptin döfnuðu vel og rúmlega það, þó að menn færu varlega í sakirnar og væru heldur fíldssamir í vali á listaverkum sem teft var fram. Í The Art Newspaper var fyrirsögnin eftir fyrsta daginn: „Crash, what crash?“

Sumir spá því að áhrifa niðursveiflunnar í efnahagslífinu fari ekki að gæta fyrir en eftir hálf t. Aðrir eru á því að þótt dragi úr æsingnum og yfirboðum, þá muni listaverkamarkaðurinn halda sínu striki. Fólk sé varkært með fjármuni sína og vilji „fara nær gullinu“.

Sigurður Gíslí Pálmason benti raunar á það nýverið á ráðstefnu um íslenska nútímapmyndlist og stöðu



Aðdáendur mínir Frá sýningu Sigurðar Guðmundssonar í Listasafni Reykjavíkur. Morgunblaðið/Valdís Thor

hennar að þegar horft væri áratugi aftur í tímann væri slík fjárfesting engu síðri leið en aðrar til að ávaxta sitt pund. Enda var það þannig í byrjun níunda áratugarins að fjárfesting í listaverkum og fornbókum var ein af fáum leiðum til að bjarga sparifénu frá óðaverðbólgunni.

Og ekki má gleyma því að þótt verðgildið lækki færir listaverk eiganda sínum áfram ánægju. Að því gefnu að hann hafi ekki einungis verið að hugsa um aurinn þegar hann keypti verkið og þyki það jafnvel nauðaomerkilegt og forljótt. Þrátt fyrir allt er gildi listaverka nefnilega fólgið í innra virði þess, ekki verðmiðanum sem límdur er á það. Nokkuð sem ættu að vera augljós sannindi. Enda skiptir verðið yf-

irleitt ekki máli fyrir en skipta á dánarbúinu, því fólk selur sjaldnast listaverk sem á annað borð eru komin inn á heimilið. Þegar kemur að slíkum uppskiptum er kannski best að listaverkin séu einskis virði, í krónum talið. Það minnkar líkurnar á sundrunu í hópi afkomenda.

En innra virðið er óháð sveiflum á mörkuðum. Á sýningu Sigurðar Guðmundssonar er verk sem nefnist „Aðdáendur mínir“. Víst má telja að fyrirsætturnar á þessu óborganlega verki, sem eru í raun og veru aðdáendur listamannsins, eigi verk eftir hann í fórum sínum. Og gildi þeirra verka í hugum aðdáendanna er eflaust hærra en verð-

miðinn segir til um.

Menn úr listheiminum hafa hneykslast á því við mig að greint hafi verið frá kaupum Emmanuel Petit á verkum eftir Óla G. Jóhannsson, listmálara á Akureyri á baksíðu Morgunblaðsins. Og spurt af hverju það sé frétt að knattspyrnumaður kaupir listaverk. Lítið er gefið fyrir að hann hafi orðið heimsmeistari með Frökkum, hvað þá Englandsmeistari með Arsenal.

Víst vaknar sú spurning hvort listamaðurinn verði áhugaverðari fyrir vikið. Er hann þá góður listamaður, úr því Petit keypti verkin? Úr orðum „sérfræðinganna“ má lesa að meiri vigt hefði verið í fréttinni ef kaupandinn hefði verið listfræðingur. Eins og almenningi hefði

» Menn úr listheiminum hafa hneykslast á því við mig að greint hafi verið frá kaupum Emmanuel Petit á verkum eftir Óla G. Jóhannsson, [...] á baksíðu Morgunblaðsins.

ekki staðið á sama um slík viðskipti. Fyrirsögnin hefði þá verið: „Listfræðingur kaupir listaverk“.

Í nýlega viðtali við listamann var fyrirsögnin: „Er mjög vinnusamur“. Enn má spyrja hvort skilaboðin séu þá að úr því hann sé ekki latur, þá hljóti hann að vera góður listamaður? Og víst var það upphéð fyrir Vesturport að leikskáldið Harold Pinter mætti á síðustu sýningu á Hamskiptunum í London. En varð sýningin betri fyrir bragðið, þjáningin dýpri og brandarnir fyndnari?

Það er nefnilega alltaf verið að líma verðmiða á listaverk, en sá gjörningur hefur bara ekkert með listina að gera. Ekkert frekar en hverjir eru kaupendur að listaverkum eða hvenær listamönnum þóknast að stíga úr rekkju.

Einu sinni sagði menningarsinn- adur kollegi minn: „List er ekki fyrir fólk.“ Og spurning vaknar hvort listaverk sé síðra þó að það höfði ekki til neins? Eða bara til eins – og það heimsmeistara í knattspyrnu? Er það ekki hann sem ákveður verðið á listaverkunum með því að taka upp þyngjuna?

Hamarshögg glynja á hverjum degi. Og bísnessinn gengur bara vel.

pebl@mbl.is